

---

## Hvammsvirkjun, ferðapjónusta og útivist og landslag og ásýnd lands Ákvörðun um matsáætlun

---

### Inngangur

Þann 6. maí 2016 barst Skipulagsstofnun tillaga Landsvirkjunar að matsáætlun um fyrirhugaða Hvammsvirkjun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.02 í 1. viðauka laganna.

Mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar fór fram á árunum 2001-2003 en fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá desember 2015 um að endurskoða skuli umhverfismat virkjunarinnar hvað varðar áhrif á landslag og ásýnd lands og áhrif á ferðapjónustu og útivist.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Rangárþings ytra, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar um tillögu Landsvirkjunar.

Auk þess sendi stofnunin bréf til annarra umsagnaraðila, sem veittu umsögn við matskýrslu árið 2003 og við ákvörðun um endurskoðun matskýrslu 2015, þar sem vakin var athygli á að tillaga að matsáætlun væri til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun. Um var að ræða Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og Veiðimálastofnun.

### Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hvammsvirkjun. Mat á umhverfisáhrifum: Útivist og ferðapjónusta og landslag og ásýnd lands. Tillaga að matsáætlun. Landsvirkjun.

Umsagnir bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 2. júní 2016.
- Rangárþingi ytra með tölvubréfi dags. 23. júní 2016.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 25. maí 2016
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 17. maí 2016
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. maí 2016
- Veiðimálastofnun með bréfi dags. 30. maí 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 14. júní 2016.

### Framkvæmd og umhverfisáhrif

#### Áhrif á útivist og ferðapjónustu

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar muni gera nýja rannsókn árið 2016, byggða á fyrri rannsókn frá 2002, á ferðapjónustu og útivist í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Greind verði fyrirbyggjandi gögn um þróun ferðapjónustunnar 2001-2015 bæði á landsvísu og í nágrenni framkvæmdasvæðisins og litið til þróunar í framboði



afþreyingar, gistingar og skipulagðra ferða, sem og þróunar í fjölda sumarhúsa og spáð til um þróun til ársins 2030. Einnig verði spurningavagn (netkönnun) lögð fyrir Íslendinga, könnun gerð meðal íbúa og eigenda sumarhúsa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í Rangárþingi ytra, og könnun gerð meðal ferðapjónustuaðila. Þá verði gerð könnun meðal innlendra og erlendra ferðamanna á svæðinu sumarið 2016.

Ferðamálastofa telur að skýrara þurfi að vera á hvaða fyrirbyggjandi gögnum verður byggt og hvernig þau nýtist. Ekki komi fram hvaða spurningar verði í könnunum og ekki sé gert ráð fyrir eigindlegum rannsóknum (viðtölum) sem séu mikilvægar til að ljá meginlegum skoðanakönnunum dýpt. Þá sé ekki hugað nægjanlega að ólíkum hópum ferðamanna, væntingum þeirra og þörfum sem og mikilvægi fyrir atvinnugreinina. Þá telur Ferðamálastofa ekki æskilegt að miða við aðferðafræði í skýrslu frá 2002. Íslensk ferðapjónusta hafi tekið stakkaskiptum á þeim árum sem liðin eru síðan sú skýrsla var skrifuð. Mikilvægt sé að tryggja að gagnaöflun og gagnanýting sé til þess fallin að leggja út af núverandi stöðu ferðapjónustu og útivistar á svæðinu.

Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru einnig gerðar athugasemdir við þau gögn og rannsóknir sem lögð eru til grundvallar í tillögu að matsáætlun varðandi áhrif virkjana á ferðapjónustu og útivist. Tæpast eigi við að styðjast við gögn m.a. frá 2002 þar sem aðstæður séu gjörbreyttar. Leita þurfi áhlits fagaðila og hagsmunasamtaka í ferðapjónustu.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að nýrra gagna verði aflað sumarið 2016 en einnig með því að taka saman gögn sem safnað hafi verið á síðustu árum. Þrjár kannanir verði gerðar sumarið 2016, þ.e. á meðal ferðapjónustuaðila, íbúa og ferðamanna. Allar þessar rannsóknir verði í viðtalsformi og verði þær kannanir sem lagðar verði fyrir ferðapjónustuaðila og íbúa/eigendur sumarhúsa ítarlegri en sú sem lögð verður fyrir ferðamenn.

Auk ofangreinds muni rannsóknir á áhrifum Hvammsvirkjunar á útivist og ferðapjónustu jafnframt felast í greiningu á fyrirbyggjandi gögnum um þróun ferðapjónustunnar 2001-2015 bæði á landsvísu og í nágrenni framkvæmdasvæðisins og litið verði til þróunar í framboði afþreyingar, gistingar og skipulagðra ferða, sem og þróunar í fjölda sumarhúsa. Mikilvægt sé að byggja á eldri rannsóknargrunni til að hafa samanburð og geta metið hvernig ástandið hefur breyst frá síðustu könnun sem hafi verið gerð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.

### **Áhrif á landslag og ásynd**

Í tillögu að matsáætlun er lýst hvernig annarsveggar er fyrirhugað að leggja mat á landslag þar sem landslag verður flokkað í landslagsgerðir og lagt mat á gildi landslags og lagt mat á áhrif framkvæmdanna á landslag samkvæmt tilgreindri aðferðafræði. Hinsveggar er lýst hvernig fyrirhugað er að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á ásynd lands. Þar verði beitt nýjustu tækni og aðferðum til að sýna núverandi ásynd lands og lýsa því hvernig fyrirhuguð framkvæmd muni líta út (hafa áhrif) með mögulegum mótvægisáðgerðum. Við val á sjónarhornum fyrir gerð líkanmynda verði leitast við að sýna einkennandi útsýni frá vegi, nálægum híbýlum manna og stöðum sem þykja markverðir vegna útsýnis.

Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hvatt til þess að hugur íbúa verði kannaður til breytinga á landslagi vegna fyrirhugaðrar virkjunar.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að fyrirhugað sé að kanna hug íbúa og sumarhúsaeygenda á svæðinu til breytinga á landslagi í spurningakönnun.

### **Niðurstaða**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og



viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í þeim rannsóknum sem fyrirhugaðar eru sumarið 2016 meðal ferðaþjónustuaðila, íbúa og ferðamanna og leggja á til grundvallar mati á áhrifum Hvammsvirkjunar á útivist og ferðaþjónustu þarf að gera ráð fyrir annars vegar spurningakönnunum til að afla upplýsinga um ferðir fólks, áfangastaði, dvalarstaði og viðkomustaði og viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og íbúa til framkvæmda. Hins vegar þarf að gera ráð fyrir ítarlegri viðtalskönnunum meðal aðila í ferðaþjónustu á svæðinu, íbúa/eigenda sumarhúsa og innlendra og erlendra ferðamanna sem leið eiga um svæðið. Gera þarf ráð fyrir að í könnunum meðal íbúa, eigenda sumarhúsa, ferðaþjónustuaðila og innlendra og erlendra ferðamanna verði könnuð upplifun þessara aðila á áhrifasvæði virkjunarinnar og mat þeirra á gildi þess. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í ofangreindum könnunum verði lögð til grundvallar skýr myndræn gögn frá helstu sjónarhornum um áhrif framkvæmdanna á ásýnd lands.
2. Skipulagsstofnun áréttar að í ákvörðun stofnunarinnar um endurskoðun matsskýrslu kom fram að eingöngu hafi verið lögð fram takmörkuð myndræn gögn um áhrif framkvæmdanna á ásýnd lands þegar mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar fór fram 2001-2003. Stofnunin leggur áherslu á vandaða myndræna framsetningu á þeim gögnum sem afla á með nýjum rannsóknum á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda sem sýni aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum. Auk þess að sýna og meta áhrif helstu mannvirkja og lóns á ásýnd lands þarf með sama hætti að sýna og meta ásýndarbreytingar frá völdum stöðum vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu.
3. Skipulagsstofnun áréttar að við mat á gildi landslags verði tekið tillit til sjónarmiða sem fram koma í könnunum á meðal íbúa, ferðaþjónustuaðila og ferðamanna.

Reykjavík, 23. júní 2016

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Jakob Gunnarsson